

Nd.

364. Frumvarp

til laga um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:
Loftskeytasamband milli Ísafjarðar og Hesteyrar, þaðan landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist:

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Viðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í Fljótsdal um Ás, með stöð í Vallanesi; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi.

Greinargerð.

Um hana er vísað til nefndarálits á þingskj. 365.